

Utánríkismálanefnd Alþingis

27. apríl 2023

Fyrir hönd Heimssýnar þakka ég fyrir boð um að senda umsögn um frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35), 890. mál. Boðið barst í gær og beðið er um umsagnir fyrir 2. maí nk.

Efnið hefur verið rætt innan samtakanna og ljóst er að hér er um afar viðamikið mál sem á sér marga anga. Afleiðingar þess ef frumvarpið verður að lögum virðast geta orðið töluverðar, en sitthvað virðist þó óljóst í því sambandi. Málið snertir grundvallaratriði í stjórnskipun íslenska ríkisins og því afar mikilvægt að stíga varlega til jarðar, svo ekki verði mikið tjón sem erfitt getur verið að bæta.

Heimssýn mun standa fyrir opinberum fundum um þetta mál á næstu vikum og í ljósi þess og hversu mikilvægt málið er leggjum við eindregið til að frestur til að veita umsögn verði framlengdur um 4-6 vikur.

Virðingarfyllt,

Haraldur Ólafsson

Formaður Heimssýnar

[haraldur68@gmail.com](mailto:haraldur68@gmail.com)